

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 169/2012****2012/EES/70/17****frá 28. september 2012****um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og  
upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/251/ESB frá 18. apríl 2011 um breytingu á ákvörðun 2009/766/EB um samræmingu á tíðnisviðunum 900 MHz og 1800 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita samevrópska, rafræna fjarskiptaþjónustu innan Bandalagsins <sup>(1)</sup>.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 1a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/766/EB) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32011 D 0251**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/251/ESB frá 18. apríl 2011 (Stjtíð. ESB L 106, 27.4.2011, bls. 9).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/251/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. september 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Atle Leikvoll***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 106, 27.4.2011, bls. 9.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.